



Borgarráð

Alþingiskosningar, 25. september 2021 - umboð til borgarráðs o.fl.

Óskað er eftir að borgarráð vísi svohljóðandi tillögum vegna alþingiskosninga sem haldnar verða 25. september nk. til afgreiðslu borgarstjórnar:

Borgarstjórn samþykkir að fela borgarráði að afgreiða til fullnaðar eftirtalin verkefni vegna alþingiskosninga 25. september 2021; að staðfesta kjörskrá og úrskurða um breytingar á kjörskrá, skipa hverfisstjórnir og undirkjörstjórnir og ráða til lykta öðrum málum sem kunna að heyra undir verksvið borgarstjórnar í sambandi við kosningarnar.

Jafnframt samþykkir borgarstjórn að leita samþykkis yfirkjörstjórna Reykjavíkurkjördæma að þær fari með verkefni yfirkjörstjórnar í hvoru kjördæmi í Reykjavíkurborg, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000 og að aðsetur yfirkjörstjórna á kjördag verði: Reykjavíkurkjördæmi suður í Hagaskóla og Reykjavíkurkjördæmi norður í Ráðhúsi Reykjavíkur.

Virðingarfyllst

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar